

Fiskeldi Austfjarða ehf.
Vörðu 1
765 Djúpivogur

16. janúar 2018
UST201711-204/S.K.
08.12.02

Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 1. desember sl. þar sem Umhverfisstofnun áformaði að áminna Fiskeldi Austfjarða ehf. vegna fráviks er fram komu í eftirliti þann 20. september sl. á starfsstöð rekstraraðila á Berufirði. Stofnunin veitti frest til 15. desember til þess að skila inn gögnum.

Frávikið er fram kom í eftirliti þann 20. september sl. var eftirfarandi:

1. Fram kemur í gr 2.9 í starfsleyfi að lífrænn úrgangur skuli vera fluttur til viðurkenndrar eyðingar eða urðunar. Misræmi er á milli skráninga í grænu bókhaldi fyrirtækisins 2014-2016 og staðfesta talna frá urðunarstaði Hornfirðinga að Lóni. Rekstraraðili gat ekki gert grein fyrir þeim mismun í eftirlitinu. Útskýringar rekstraraðila voru sendar eftirlitsaðila með tölvupósti þann 26. sept. sl. Þar kemur fram að urðun hafi farið fram á fleiri en einum stað og viðskiptayfirlit lagt fram vegna þess. Hins vegar standa enn út af nokkur tonn af lífrænum úrgang fyrir árið 2015 sem rekstraraðili skýrir með ónákvæmni í vigtun og rúmmálmælingum urðunar og að rekstraraðili hafi vísvitandi lagt fram minna magn en í raun fór til urðunar, til að lækka urðunarkostnað. Farið er því fram á að skýrar verklagsreglur verði settar um meðferð og losun úrgangs til úrgangsstaða og skýrt sé að allar úrgangstölur séu lagðar fram sem rauntölur.

Umhverfisstofnun hefur enn ekki borist staðfesting á úrbótum vegna fráviksins. Stofnunin veitir Fiskeldi Austfjarða hér með áminningu og gerir kröfu um úrbætur vegna fráviksins, sbr. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til að senda inn staðfestingu á úrbótum til og með 30. janúar nk.

Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 29. gr. reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnareftirlit. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna fráviks frá ákvæðum starfsleyfis verður nú innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar, nr. 535/2015 með síðari breytingum. **Gjaldið er 52.800 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 65. gr. laga nr. 7/1998 er heimilt að vísa ágreiningi ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að kærufrestur er einn mánuður frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila, sbr. 2. mgr. 4. gr. laganna.


Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Svövu Pétursdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á svava.petursdottir@ust.is.

Áætlun og/eða gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústs dóttir
sviðsstjóri



Svava Pétursdóttir
lögfræðingur